

Stjórnarfundur Foreldrafélagsins.

Haldin í sal grunnskólans 25.01.23 klukkan 19:30.

Mættir voru:

Kristín H Kristjánsdóttir – Ritari og starfandi fundarstjóri í fjarveru formanns.

Gunnhildur Guðbrandsdóttir – Verðandi gjaldkeri

Karl Ómar Ársælsson – Meðstjórnandi

Helga Margrét Höskuldsdóttir – Meðstjórnandi

Íris Thompson – Meðstjórnandi

Bogi Emilsson – Meðstjórnandi

Fjarverandi voru Jóhanna María Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi og Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir formaður.

Mál á dagskrá.

Foreldrarölt

Skipst á gjaldkeralyklum. Eva Margrét Jónudóttir lætur af störfum sem gjaldkeri og Gunnhildur Guðbrandsdóttir tekur við.

Öskudagskettir fyrir alla bekki, sem þarf að föndra líkt og í fyrra.

1) Foreldrarölt.

Helga Margrét kom með þá hugmynd að spyrða saman foreldra í tveimur árgöngum hverju sinni, þ.e 1 og 10 bekk, 2 og 9 bekk, 3 og 8 bekk o.s.frv. Þegar kemur að balli væri kallað í þá árganga sem komið er að (t.a.m 4 og 7 bekkur eiga viðburði í nóvember). Við þurfum að vera í góðu samstarfi við Óðal (Köttlu og Siggú Dóru) og vera með ákveðna yfirsýn og jafnvel plan Óðals fyrir árið, til þess að geta kallað til fólk með góðum fyrirvara. Planið verður sent á bekkjarfulltrúa og jafnvel búinn til sér hópur fyrir foreldrafulltrúa, stjórn félagsins og fulltrúa Óðals (Köttlu og Siggú Dóru). Ákveðið var að formaður skuli senda út áætlunina um röltið til bekkjarfulltrúa og Helga Margrét mun halda utan um forvarnarhlutann f.h foreldrafélagsins.

2) Öskudagskettir.

Öskudagur er 22.febrúar og ákveðið var að húa saman sjálfboðaliðum til að föndra “kettina” þann 15.febrúar nk, sem er miðvikudagskvöld.

3) Gjaldkeraskipti.

Gunnhildur Guðbrandsdóttir tók formlega við starfi gjaldkera og skrifuðu allir viðstaddir stjórnarmeðlimir undir breytingu á prókúru.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá að þessu sinni og var fundi slitið klukkan 21:02

Kristín H Kristjánsdóttir

Ritari.